



13. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Fimmtudaginn 30. nóvember 2006, kl. 17:00.

Varaformaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Niðurstöður útboða:
 - a. Smárabraut - gatnagerð 2006.
 - b. Leikskólinn Barnabær - viðbygging.
2. Erindi frá SSNV - kynning á menningarsamningi við ríkið.
3. Erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis.
4. Fundargerðir:
 - a. Framkvæmdastjórn Félagsþjónustu A-Hún.
 - b. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.
5. Fjárhagsáætlun 2007
6. Önnur mál.

Agreiðslur:

1. Niðurstöður útboða:
 - a. Smárabraut - gatnagerð 2006.
Tvö tilboð bárust í verkið:
 - Júlíus Líndal ehf. Blönduósi: 1.009.200,- 68% af kostn.áætlun.
 - Víðmelsbræður ehf. Sauðárkróki: 1.467.000,- 99% af kostn.áætlun.

Bæjarráð samþykkir tilboð Júlíusar Líndal ehf., kr. 1.009.200,-

- b. Leikskólinn Barnabær - viðbygging.

Tvö tilboð bárust í verkið:

- Stígandi, 48.797.053,-
- Krákur, 52.314.519,-

Bæjarráð samþykkir tilboð Stíganda, kr. 48.797.053,-

Jón Aðalsteinn vék af fundi undir þessum lið.

2. Erindi frá SSNV - kynning á menningarsamningi við ríkið.
Lagt fram til kynningar drög að menningarsamningi um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál.

Bæjarstjórn samþykkir að fá fulltrúa menningarsamningsins á næsta fund bæjarstjórnar.



3. Erindi frá iðnaðarnefnd Alþingis.

Lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um Landsvirkjun, 364. mál, eignarhald og fyrirsvar, og framvarp til laga um breyt. á lögum á orkusviði, 365. mál, eignarhlutir ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Lagt fram til kynningar.

4. Fundargerðir:

c. Framkvæmdastjórn Félagsþjónustu A-Hún.

Fundargerðin er frá 16. október 2006 og er lögð fram til kynningar.

d. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

Fundargerðin er frá 21. september sl. og er lögð fram til kynningar ásamt fjárhagsáætlun 2007.

5. Fjárhagsáætlun 2007.

Farið yfir vinnugögn og helstu forsendur áætlunarinnar.

6. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10.

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson
Ágúst Þór Bragason
Valgarður Hilmarsson*

Jóna Fanney Friðriksdóttir

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson*